

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 15. 05. 2008

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtud. 15. maí 2008 kl. 15:00.
Fundarstaður: Hótel Framtíð.

Mættir voru: Albert Jensson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Sigurður Ágúst Jónsson og Brynjólfur Einarsson. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsleg málefni, stofnanir o. fl.:

- a) Ársreikningar Djúpavogshrepps 2007. Fyrri umræða. Undir þessum lið sátu fundinn í upphafi, auk sveitarstjórnar og sveitarstjóra, Magnús Jónsson frá KPMG, Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri Djúpavogshrepps og Elísabet Guðmundsdóttir, launafulltrúi Djúpavogshrepps. Magnús gerði grein fyrir ársreikningi sveitarsjóðs og undirfyrirtækja.
Fyrir fundinum lá álit skoðunarmanna, Ásdísar Þórðardóttur og Ólafs Eggertssonar, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur.
Eftir ítarlega umfjöllun var samþ. samhljóða að vísa reikningunum til síðari umræðu fimmtud. 22. maí. kl. 15:00.

2. Fundargerðir / afgreiðslumál frá nefndum:

- a) Fundargerð SBU frá 2. maí 2008. Eftirtaldir liðir fengu sérstaka umfjöllun:
Liður 3, reglur v/ Rauðuskriðu, sem verða endanlega hluti af nýju aðalskipulagi.
Einróma tillaga SBU, er oddviti, sem jafnframt er form. nefndarinnar, kynnti fyrir sveitarstjórn borin upp til staðfestingar og samþ. samhljóða. Reglurnar miða að því að komið verði á hverfisvernd á skriðunni og fasta berginu þar. Sveitarfélagið eitt hafi heimild til minniháttar nýtingar / ráðstöfunar á skriðunni t.d. í skreytingar eða annað slíkt. Efnid megi undir engum kringumstæðum nota áfram til stórtækra aðgerða t.d. landfyllingar eða vegagerðar.
Undir þessum lið kynnti oddviti einnig drög að sérstökum reglur og drög að samningi við S Helgason varðandi efnistöku á rauðaberginu. SBU gerir tillögu um að bergið verði ennfr. hverfisverndað en sömuleiðis heimild til áframhaldandi efnistöku til minnih. nota. Efnistökusvæðið hefur verið afmarkað sérstaklega á mynd. Námunni verði síðan lokað fyrir fullt og allt á svæðinu klárast efnid á því afmarkaða efnistökusvæði sem afmarkað hefur verið. Tillaga SBU þar um borin upp og samþykkt samhljóða.

Liður 4, byggingarleyfisskyld mál:

- I) Staðfest leyfi byggingarfulltrúa til að fella tré í garði að Hömrum 6.
- II) Staðfest heimild til handa Þóri Stefánssyni / Hótel Framtíð að að einangra og klæða Miðhús að utan, endurnýja glugga og útihurðir.
- III) Kynntar hugmyndir varðandi uppmælingu lóðar að Kambi 10 og nánara skipulag á lóðinni m.a. með að fyrir augum að byggja bílskúr á svipuðum stað og núverandi skúr er. Áður en það verði hægt þarf að fá skýra mynd af lóðamörkum. Hið sama þarf að eiga sér stað að Hrauni 5 en eigendur þess húsnæðis hafa sömuleiðis í hyggju að fá leyfi til að byggja bílskúr austan við húsið. Nefndin telur mikilvægt að þessar tilgreindu lóðir verði mældar upp sem og fleiri þar sem þörf er á hér í þéttbýlinu. Að öðru leyti var tekið vel í áform viðkomandi vegna bílskúrsbygginga.

Fundargerð SBU að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Undir þessum lið var einnig fjallað um tillögur SBU um nýtt jarðvegslosunarsvæði, sem bærust sveitarstjórn í tp. fyrir fundinn og oddviti gerði grein fyrir, ásamt því að sýna legu þess á uppdrætti. Tillögur SBU samþykktar samhljóða og oddvita veitt heimild til að vinna málið áfram vegna aðalskipulags.

Sveitarstjóri kynnti niðurstöðu landbúnaðarnefndar á fundi hennar 15. maí 2008 vegna umsókna um refaveiðar. Umsóknir höfðu borizt frá eftirtöldum:

Stefán Ingólfsson (svæði 1),
Sigvaldi H. Jónsson (svæði 2),
Skúli H. Benediktsson (svæði 1 og svæði 4),
Guðlaugur Birgisson (svæði 1),
Sigurjón Stefánsson (svæði 3).

LBN mælir með eftirtöldum á neðangreind svæði:

Stefán Ingólfsson (svæði 1)
Sigvaldi H. Jónsson (svæði 2)
Sigurjón Stefánsson (svæði 3)
Skúli H. Benediktsson (svæði 4)

Sveitarstjórn staðfestir tillögu landbúnaðarnefndar og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum við viðkomandi.

3. Erindi og bréf:

- a) Félagsmálaráðuneytið v/ „Dagur barnsins, 25. maí 2008“.
- b) SSA / SASSA v/ samgönguáætlun 2007 til 2010. Oddviti kynnti áherzalur varðandi samgöngubætur á Öxi og í Berufjarðarbotni, sem hann og sveitarstjóri munu koma á framfæri við hlutaðeigandi og var hún staðfest.
- c) IPA (Icelandic Photo Agency) dags. 11. apríl varðandi heildstætt myndatilboð fyrir Djúpavogshrepp. lagt fram til kynningar.

4. Samþykktir um hunda- og kattahald í Djúpavogshreppi. Fyrri umræða.

Eftir umfjöllun um drög að ofangr. samþykktum var ákv. að vísa þeim til síðari umræðu.

5. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Borgarafundur. Ákv. að halda fundinn í byrjun júní.
- b) Farið yfir áform v/ gatnafrkv. 2008. Forgangsverkefni eru göturnar Hlíð og Brekka.
- c) Undirbúningur 120 ára afmælis barnafræðslu á Djúpavogi haustið 2008. (Kynnt).
- d) Fyrirspurn hvernig megi tryggja öryggi við vegamót við Borgarland, t.d. með umferðareyju.
- e) Erindi frá hljómsveitinni Dallas vegna æfingahúsnaðis. Sveitarstjóra veitt heimild til að afgreiða málið í samráði við forsvarsmenn UMF. Neista.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:10.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.